



Ágæti kjötíðnaðarmaður / meistari

Meistarafélag kjötíðnaðarmanna heldur nú í sextánda sinn fagkeppni meistarafélags kjötíðnaðarmanna. Keppnin (dómgæsla) fer fram 13. og 14. mars 2024 í húsi Matvís. Verðlaunafhending verður síðan 16. mars á sama stað.

Keppni fer fram í fimm flokkum:

- **Eldaðar vörur**

Allar vörur sem eru soðnar svo sem slátur, álegg, hangikjöt ofl.

- **Sælkeravörur**

Allar hráverkaðar vörur eins og spægipylsur, þurrkaðir vöðvar ofl.

- **Soðnar pylsur**

Allar soðnar pylsur.

- **Kæfa / Paté**

Allar soðnar/bakaðar, kæfur/paté

- **Nýjungar**

Allar vörur sem þér teljið vera nýjar á markaði, hvort sem eru soðnar, bakaðar eða hráar.

Aukakeppni:

Eins og í síðustu keppnum þá fer fram aukakeppni þar sem lax og silungur er aðal varan. Keppt verður um besta reyktu / grafna laxinn og um besta reyktu / grafna silunginn.

Hver kjötíðnaðarmaður getur sent inn allt að 10 vörur með þeim fyrirvara þó að varan sé ekki eins að gerð, útliti eða nafni. Til að geta unnið titilinn „Kjötmeistari Íslands 2024” þarf meginuppistaðan í að minnsta kosti 3 vörum að vera úr mismunandi kjötflokkum.

Búgreinafélögin veita verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr lambakjöti, úr svínakjöti, úr nautakjöti, úr hrossakjöti og úr alifuglakjöti og þarf því að tilgreina hver sé megin kjöttegund í vörunni.

Veitt verða verðlaun fyrir bestu vöruna úr flokknum; eldaðar vörur, sælkeravörur, soðnar pylsur, kæfur og paté og nýjungar.

Þær 5 vörur sem flest stig hljóta frá hverjum keppanda telja í lokin til titils kjötmeistara Íslands, en þann titil hlýtur eins og áður sá sem flest stig hlýtur í heildina.

Allar vörur sem tilheyra kjötíðnaðinum eru gjaldgengar, eins og verið hefur í fyrri keppnum, hvort sem þær eru unnar úr kjöti, fisk, fuglum, innyflum eða allt það sem að menn telja að tilheyri faginu.

Þær vörur sem allajafnan eru seldar ósoðnar eins og t.d. hangikjöt skulu samt sem áður vera soðnar áður en þær eru sendar í keppnina, það er til hagræðis og tímasparnaðar í dómarastörfum.

Þátttakendum er bent á að við dóma er tekið tillit til ytra útlits vörunnar og frágangs og eru aðilar hvattir til að sýna metnað og stolt í samræmi við þá fagmennsku sem við viljum sýna í þessari keppni. Vönduð og metnaðarfull vinnubrögð eru ætíð til sóma.

Dómarar munu vera að störfum miðvikudag og fimmtudag allt eftir fjölda innsendra vara. Áhugasamir eru velkomnir að koma og fylgjast með dómurum að störfum. Verðlaunavörur verða sýndar á svæði Meistarafélags kjötiðnaðarmanna hjá Matvís eftir að dómarar hafa lokið störfum sínum, og verða þær merktar keppanda og fyrirtæki.

Verðlaunaafhending mun fara fram laugardaginn 16.mars 2024.

Keppnisreglur – keppnisfyrirkomulag.

Þátttaka – skráning.

Til þess að gæta hlutleysis í dómum fá vörurnar sérstakt skráningar- og keppnisnúmer og er varan því ómerkt keppanda eða því fyrirtæki sem viðkomandi keppandi starfar hjá þegar hún er dæmd.

Þátttöku í keppnina þarf að tilkynna til ritara keppinnar Björk Guðbrandsdóttir fyrir 1.mars 2024.

Netfang: bjorkfotos@yahoo.com Sími: 860 9238

Þáttökugjald hvers keppanda er kr. 9.000 og síðan kr. 4.500 fyrir hverja vöru sem send er í keppnina.

Eftir að þátttakendur hafa tilkynnt ritara keppinnar um þátttöku sína og hversu margar vörur viðkomandi hyggst senda inn (sjá skráningarblað) er þeim sendar eftirfarandi upplýsingar í tölvupósti eða bréfleiðis allt eftir ósk hvers keppenda:

- Heimilisfang, sem varan skal sendast á.
- Fylgiskjal, þar sem rita skal nafn vörunnar, en það nafn verður síðan skrifað á verðlaunaskjal vinni varan til verðlauna. Við hverja línu á fylgiskjalinu er reitur og í hann eiga að koma upphafsstafir eftir því hvaða kjöttegund er uppistaðan í viðkomandi vöru.
- Keppnisnúmer, sem skal setja á vöruna sjálfa. Ef um spægipylsu eða álíka vöru er að ræða skal setja númerið á báða enda vörunnar og athugið að ómerkt vara fellur sjálfkrafa úr keppni.

Ritari er því sá eini sem getur tengt saman nafn keppanda og keppnisnúmer.

- * Rétt til þátttöku í fagkeppninni hafa allir kjötiðnaðarmenn hvort og hvar sem þeir starfa.
- * Öllum er heimil þátttaka í aukakeppninni.

Keppnishaldarar líta svo á að sá kjötiðnaðarmaður sem skrifaður er fyrir þátttöku hafi sjálfur framleitt viðkomandi vöru. Í þessu sem öðru er höfðað til heiðarleika manna.

Umbúðir.

Umbúðir utan um keppnisvöruna skulu vera með öllu ómerktar, nema viðkomandi keppnisnúmeri. Vöurnar skulu koma til keppninnar tilbúnar til neyslu. Athugið að innsend vara skal ná að minnsta kosti einu kíló, ef um smærri einingar er að ræða skal senda það margar einingar að þær nái einu kíló.

Keppnisvörur.

Alls ekki má snyrta vöurnar á endum eða yfirborði né fjarlægja garnir, net eða álíka umbúðir. Sé greinilega búið að snyrta og eða rjúfa vöruna á einhvern hátt hefur það áhrif á stigagjöf hennar.

Athugið að varan er dæmd eftir útliti, það er að segja að pökkun getur haft áhrif á útlit vörunnar.

Dómastörf.

Vöurnar verða dæmdar þannig að allar vörur byrja með fullt hús eða 50 stig.

Skoðuninni er skipt í fimm flokka sem eru eftirfarandi:

1. Ytra útlit. 2. Innra útlit. 3. Lykt og bragð. 4. Samsetning. 5. Verkun.

Hver flokkur inniheldur mest 10 stig, við hvern galla sem finnst í eða á vörunni eru stig dregin frá. Þó mismikið eftir eðli og mikilvægi gallans. Þannig að finnst enginn galli í eða á vörunni heldur hún fullu húsi stiga og heldur sínum 50 stigum.

Verðlaunaskalinn skiptist þannig:

Gullverðlaun	49-50 stig (0-1 mínusstig)
Silfur	46-48 stig (2-4 mínusstig)
Brons	42-45 stig (5-8 mínusstig)

Sá er vinnur flokkaverðlaun fær tvö aukastig til hækkunar.

Eins og sést á þessu geta margar vörur unnið til gull, silfur eða bronsverðlauna, allt eftir gæðum hverrar vöru fyrir sig.

Í keppni sem þessari skiptir ekki höfuðmáli hvort varan er skreytt sérstaklega, því það gefur ekki auka stig en getur orðið til þess að þeim fækki, ef gallar eða óvönduð vinnubrögð finnast í, á eða undir skreytingunni.

Kjötiðnaðarmaður þeirrar vöru sem hlýtur verðlaun fær skjal því til staðfestingar, þar sem fram kemur nafn hans og vörunnar og þess sem skráður er greiðandi keppnisgjalds, en einnig fylgir verðlaunapeningur. Fyrirtæki verðlaunahafans er heimilt að nota verðlaunin til auglýsinga og kynningar á viðkomandi verðlaunavöru og/eða viðkomandi kjötiðnaðarmanni fram að næstu keppni. Samkvæmt reglugerð um notkun merkis MFK við markaðssetningu matvæla.

Framleiðandi má ekki breyta nafni, útliti, gerð eða samsetningu vöru á nokkurn hátt eftir keppni, þó eru skreytingar sem eru sérstaklega unnar fyrir keppnina undanskildar.

Viðurlög við brotum á reglum um notkun verðlauna gætu hugsanlega verið þau að aðstandendur keppnirnar gefi út yfirlýsingu í fjölmiðlum um misnotkun verðlauna.

Verðlaun.

Keppandinn sem hlýtur flest stig samanlagt úr fimm stigahæstu vörum sínum í keppninni hlýtur titilinn „**Kjötmeistari Íslands 2024**”. Hann fær afhendan verðalunagrip með nafni sínu og annan til eignar.

Samstarfsaðilar Meistarafélagsins í keppninni eru sem fyrr búgreinafélögin og koma þau að keppninni hvert með sínu lagi.

Landssamtök sauðfjárbænda veita „*Lambaorðuna*”,
„*Orðuna hljóti sá kjötiðnaðarmaður sem á bestu einstöku vöruna úr lambakjöti í fagkeppninni*”

Landssamband kúabænda veitir viðurkenningu þeim kjötiðnaðarmanni sem á „*bestu vöruna unna úr nautakjöti*”. Félagið veitir farandverðlaunagrip og annan minni til eignar.

Svínaræktarfélag Íslands veitir viðurkenningu þeim kjötiðnaðarmanni sem á „*bestu vöruna unna úr svínakjöti*”. Félagið veitir farandverðlaunagrip og annan minni til eignar.

Félag kjúklingabænda veitir viðurkenningu þeim kjötiðnaðarmanni sem á *bestu vöruna unna úr „alífuglakjöti*”. Félagið veitir farandverðlaunagrip og annan minni til eignar.

Kjötframleiðendur hf. veita verðlaun fyrir *bestu vöruna unna úr „folalda- eða hrossakjöti*”.

Flokkaverðlaun.

Besta varan í flokknum:

- Eldaðar vörur
- Soðnar pylsur
- Sælkeravörur
- Kæfa / paté
- Nýjugar

Aukakeppni:

- Besti reykti / grafni laxinn
- Besti reykti / grafni silungurinn

Þátttökutilkynning í Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna 2024.

Nafn: _____
Fyrirtæki: _____
Kennitala fyrirtækis: _____
Heimilisfang: _____

Þáttökugjald fyrir skráningu er kr. 9.000 auk kr. 4.500 fyrir hverja vöru. Setjið X fyrir framan þær vörur sem áætlað er að senda inn.

<u>Vara 1.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 2.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 3.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 4.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 5.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 6.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 7.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 8.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 9.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>Vara 10.</u>	<u>4.500 kr.</u>
<u>X Þáttökugjald</u>	<u>9.000 kr.</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr.</u>

Kostnaður þinn vegna þátttöku í fagkeppninni er því kr. _____ Í framhaldi af þáttökutilkynningu verður útbúin krafa í heimabanka sem greiðist fyrir í síðasta lagi viku fyrir keppni.

Þátttöku í keppnina þarf að tilkynna til ritara keppinnar Björk Guðbrandsdóttur
Sími: 557-6406 eða 860-9238
Netfang: bjorkfotos@yahoo.com

Sendið þessa þátttökutilkynningu eigi síðar en 1 mars. 2024.
Senda má í pósti eða rafrænt.

Undirritaður vottar að ofanskráðar upplýsingar séu réttar og að hafa sjálfur framleitt viðkomandi vörur:

Undirskrift kjötiðnaðarmanns